



## BAKKAFJARÐARHÖFN Í LANGANESBYGGÐ

Deiliskipulag

12.03.2024

Vinnslutillaga



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar þann \_\_\_\_\_

f.h. Langanesbyggðar

---

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## UPPLÝSINGAR

### SKJALALYKILL

---

103465-001-DSK-001-V04

### HÖFUNDUR

---

Margrét Róbertsdóttir

### RÝNT

---

Ingibjörg Sveinsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Fornminjar	5
2.2	Náttúruvá	5
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.3.2	Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 – 2027	6
2.3.3	Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó	7
3	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	8
3.1	Lóðir og byggingarheimildir	8
3.2	Vegir og bílastæði	8
3.3	Veitur	9
3.4	Sorp og úrgangur	9
3.5	Mengunarvarnir	9
4	ALMENNIR SKILMÁLAR	10
4.1	Hönnun og uppdrættir	10
4.2	Mæliblöð	10
4.3	Regnvatn	10
4.4	Frágangur lóða og umgengni	10
4.5	Skilti og lýsing	10
4.6	Brunavarnir	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Vakostir og samanburður	11
5.2	Niðurstaða	12
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	13
6.1	Skipulagsferlið	13

## 1 INNGANGUR

Sett fram nýtt deiliskipulag fyrir Bakkafjarðarhöfn í Langanesbyggð sem nær til um 35 ha svæðis. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar, sem heimilar hafnsækna starfsemi. Skipulagslýsing fyrir deiliskipulagið var kynnt í september 2023.

Í nýju deiliskipulagi er gerð grein fyrir þeirri uppbyggingu sem áætluð er á svæðinu.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Hafnarvegi í Bakkafirði. Gerð verður grein fyrir geymslusvæði, gámasvæði, byggingum, bryggjum og aðkomuvegi. Settir verða skilmálar fyrir útlit og yfirbragð mannvirkja, aðkomu o.fl. eftir því sem við á. Innan deiliskipulagssvæðis eru skv. aðalskipulagi svæði skilgreind fyrir landfyllingu og efnistökusvæði en ekki verður fjallað sérstaklega um þau svæði í deiliskipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir landfyllingu við höfnina né efnistöku.

Deiliskipulagið er unnið skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með skipulagsvinnunni er hægt að áforma frekari uppbyggingu á starfsemi á svæðinu. Setja þarf ramma utan um fyrirhugaða uppbyggingu og tryggja sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum sem reiða sig á aðgengi að höfninni nægt athafnasvæði til framtíðar.

### 1.1 Markmið

Helstu markmið með gerð deiliskipulags eru eftirfarandi:

Afmarka svæði fyrir hafnarstarfsemi.

Afmarka lóðir og byggingarreiti fyrir ný og núverandi mannvirki.

Skilgreina byggingarskilmála.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttur er unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1500.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Skipulagsvæðið er um 35 ha og er höfnin sunnan við þéttbýlið í Bakkafirði. Aðkoma að svæðinu er frá afleggjara sem liggur frá Hafnarvegi. Skipulagssvæðið afmarkast af Hafnarvegi í austri, fjöruborði og varnargarði í norðri, varnargarði og sjó í vestri og fjöruborði og varnargarði í suðri.



**MYND 1.** Drónamynd af skipulagssvæðinu.

Á svæðinu er sjóvarnargaður, löndunarbryggja, smábátahöfn með flotbryggju, upptökubraut, gámasvæði, geymslusvæði og bílastæði. Skipulagssvæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem hafnarsvæði H3 og H4 og að hluta til atvinnusvæði.

### 2.1 Fornminjar

Fornleifaskráning hefur farið fram í hluta sveitarfélagsins. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

### 2.2 Náttúruvá

Ekki eru nein þekkt svæði undir náttúruvá í Bakkafirði. Sveitarfélagið er ekki á þekktu jarðskjálftasvæði. Á Bakkafirði er brim talsvert við Bæjarvíkina og gömlu höfnina.

## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggða umhverfis. Einnig að við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftlagsbreytinga. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og verður horft til þess við gerð þessarar skipulagsáætlunar:

#### „3.3.2 Heilnæmt umhverfi.

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“*

#### „3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga.

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“*

#### „3.4.1 Öflugir innviðir.

*Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“*

Deiliskipulagið er í samræmi við landsskipulagsstefnu.

### 2.3.2 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 – 2027

Í gildi er Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027, staðfest 18.07.2013. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem hafnarsvæði H3 og H4, atvinnusvæði, efnistöku svæði N10. Stefnumörkun fyrir hafnarsvæði er að styrkja skal sjávarútveg með bættri hafnaraðstöðu, bæði á Þórshöfn og Bakkafirði.

Leitast er við að afmarka svæðið næst höfninni fyrir hafnsækna starfsemi s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum. Þannig verða vaxtarmöguleikar útgerðar og annarrar hafnsækinnar starfsemi tryggðir á þeim svæðum sem eru hentugust fyrir slíka starfsemi. Einnig er gert ráð fyrir athafnasvæði umhverfis hafnarsvæðið þar sem skyld starfsemi getur farið fram.

Með tilkomu bættra samgangna milli Bakkafjarðar og Þórshafnar aukast samskipti þessara þéttbýlisstaða m.a. á þessu sviði en talsvert hefur verið um fiskflutninga þar á milli á síðustu misserum.



**MYND 2.** Hluti af Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Skipulagssvæðið er innan rauða hringins.

Deiliskipulagstillaga er í samræmi við Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 þar sem svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði og athafnasvæði.

### 2.3.3 Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó

Viðmið fyrir landhæð á lágsvæðum tekur mið af stjarnfræðilegum sjávarföllum, áhlaðanda vegna loftþrýstings, vinds og öldu, ásamt afstöðubreytingum lands og sjávar vegna lóðréttra skorpuhreyfinga og hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar. Skv. viðmiðunarreglum Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum er meðalstórstraumsflóð á Þórshöfn +1,4 m í hafnarkerfi<sup>1</sup>.

---

<sup>1</sup> Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð, 2018.

### 3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Skipulagið tekur yfir um 35 ha svæði. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir geymslusvæði, gámasvæði, byggingum og mannvirkjum tengdum harnarstarfsemi.

#### 3.1 Lóðir og byggingarheimildir

Afmarkaðar eru lóðir og byggingarreitir auk aðkomu að svæðinu.

Lóð 1 – Heimilt er að byggja allt að 300 m<sup>2</sup> hús á einni hæð. Mænishæð allt að 4m.

Lóð 3 – Heimilt er að byggja allt að 120 m<sup>2</sup> hús á einni hæð. Mænishæð allt að 4m.

Lóð 5 - Heimilt er að byggja allt að 800 m<sup>2</sup> hús á tveimur hæðum. Mænishæð allt að 8m.

Lóð 7 – Heimilt er að byggja allt að 800 m<sup>2</sup> hús á tveimur hæðum. Mænishæð allt að 8m.

Lóð 9 – Heimilt er að byggja allt að 25 m<sup>2</sup> hús á einni hæð.

Sjafnarbryggja – Stærð bryggju er um 500 m<sup>2</sup>, 62m löng og um 8m breið. Efni í bryggju er timbur.

Flotbryggjur – Stærð bryggja eru um 91 m<sup>2</sup>, 35m langar og um 2,5m breiðar. Efni í flotbryggjum er steupa og frauðplast.

Löndunarbryggja - Stærð bryggju er um 230 m<sup>2</sup>, 40m löng og um 7m breið. Efni í bryggju er timbur og steyp plan 5 metrum frá bryggjukanti.

Olíubryggja – stærð bryggju er um 15 m<sup>2</sup>. Efni í bryggju er timbur.

Hafnargarðar – Efni í hafnargarða er fengið frá efnisnámu við Vopnafjörð.

Mænisstefna bygginga er frjálts en leitast skal við að halda við að hafa innbyrðis samræmi innan skipulagssvæðisins. Efnisval bygginga skal vera vandað og gæta skal innbyrðis samræmis. Vanda skal til frágangs bygginga og bílaplana.

Lóðarmörk eru sýnd á deiliskipulagsupprætti ásamt stærð lóðar. Upplýsingar á deiliskipulagsupprætti eru til viðmiðunar, nánari upplýsingar um lóðarmörk, málsetningu lóðar og lóðarstærð eru á mæliblaði. Ef misræmi er gildir mæliblað. Má vera að lóðarblöð sem gerð verða vegna einstakra nýrra lóða verði ekki nákvæmlega eins og afmörkunin á upprætti með deiliskipulaginu og gildir þá lóðablað. Rétt er að taka fram að deiliskipulag getur ekki hróflað við eða ráðstafað eignarréttindum manna nema að undangengnum samningi eða eftir atvikum eignarnámi, séu talin skilyrði þess.

#### 3.2 Vegir og bílastæði

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Hafnarvegi í Bakkafirði. Á upprætti er sýnd aðkoma að skipulagssvæðinu og að lóðum og verða bílastæði innan lóða. Gert er ráð fyrir gönguleiðum sem sýndar



eru á uppdrætti. Heimilt er að hnika gönguleiðum/stígum til við nánari útfærslu, án þess að breyta þurfi deiliskipulagi.

### 3.3 Veitur

Svæðið er tengt dreifikerfi RARIK. Neysluvatn er fengið úr vatnsveitu sveitarfélagsins eða öðru viðurkenndu vatnsbóli, í samráði við Heilbrigðiseftirlit.

Sameinast verður um fráveitu og er staðsetning hreinsivirkja sýnd á uppdrætti til leiðbeininga en endanleg staðsetning verður ákvörðuð á hönnunarstigi. Tryggja skal gott aðgengi að hreinsivirkjum til tæmingar. Gerð og staðsetning skal vera í samræmi við byggingarreglugerð, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### 3.4 Sorp og úrgangur

Sorp skal flokkað og skilað á viðeigandi gámasvæði. Sorphirða og sorpförgun fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

### 3.5 Mengunarvarnir

Við hönnun mannvirkja skal gera ráð fyrir hljóð- og mengunarvörnum, þar sem það á við, sbr. lög og reglugerðir þar að lútandi, m.a. hvað varðar olíu- sand- og fituskilju og einnig loftræsingu.

Gert er ráð fyrir olútanki á svæðinu og gengið frá honum á viðurkenndan hátt og í samræmi við reglugerð við varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.

Gert verður ráð fyrir að niðurföll fyrir grávatn, steyppt plön o.fl. verði tengt við fráveitugildru sem hægt verði að tæma verði óhapp s.s. olíuleki frá tækjum. Grávatni verður síðan veitt í jarðvegssíu.

## 4 ALMENNIR SKILMÁLAR

### 4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóða í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni.

### 4.2 Mæliblöð

Mæliblöð sýna lóðarmörk, stærð lóðar, byggingarreit, innkeyrslu inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru.

### 4.3 Regnvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúða undir yfirborði sem getur tekið við yfirborðsvatni. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

### 4.4 Frágangur lóða og umgengni

Framkvæmdaraðili skal ávallt huga að því að halda svæðinu snyrtilegu og tryggja eftir því sem kostur er að ekki stafi hætta af búnaði og munum innan þess né sé öðrum til ama. Eftir fremsta megni skal leitast við að aðlaga svæðið að núverandi landi og ganga frá yfirborði í samræmi við umhverfið í kring.

### 4.5 Skilti og lýsing

Merkingar bygginga og skilti skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir og skal gera grein fyrir hvar og hvernig þeim er háttað á viðkomandi byggingu eða byggingarreit.

Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal höfð að leiðarljósi.

### 4.6 Brunavarnir

Svæðið er innan starfssvæðis Slökkviliðs Langanesbyggðar og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaáætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Þar sem veitukerfi anna ekki nægu slökkvivatni skal tryggja aðgengi að því s.s. með safntanki, borholu og /eða góðu aðgengi slökkvibíla að yfirborðsvatni. Brunavarnir, s.s. stærð og staðsetning tanks eða borholu, verða unnar í samráði við Eldvarnareftirlits Slökkviliðs Langanesbyggðar og skal magn slökkvivatns, s.s. stærð tanks, miðast við brunaálag bygginga.

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Deiliskipulagstillaga verður í samræmi við stefnu í aðalskipulagi. Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

**TAFLA 1.** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag. Jarðmyndanir. Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur áætlunin áhrif á landslag? Hefur áætlunin áhrif á jarðmyndanir? Hefur áætlunin áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi. Búsvæði dýra.</i>	Hefur áætlunin áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur áætlunin áhrif á búsvæði dýra?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði. Öryggi. Vatnsvernd.</i>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna áætlunarinnar? Hefur áætlunin áhrif á umferðaröryggi eða öryggi á hafnarsvæðinu? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Lög nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Vatnaáætlun 2022-2027.
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i>	Hefur áætlunin áhrif á atvinnutækifæri? Hefur áætlunin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Hefur áætlunin áhrif á fornminjar?	Stefna í aðalskipulagi. Samþykkt fornleifaskráning. Lög um menningarminjar nr. 80/2012
<b>Sjór og strandsvæði</b>	Hefur áætlunin áhrif á sjó og/eða strandsvæði ? Hefur stefnan áhrif á mengun hafs og stranda?	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

### 5.1 Vakostir og samanburður

Í umhverfismatsskýrslu eru bornir saman eftirfarandi valkostir:

Valkostur 1 – Svæðið byggist upp sem hafnarsvæði í samræmi við deiliskipulag.

Núll kostur – Svæðið byggist ekki frekar upp. Hafnarstarfsemi verður áfram til staðar.

#### Valkostur 1

##### Land og landslag

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Til að draga úr ásýnd skulu mannvirki taka mið af því umhverfi sem er á svæðinu t.a.m. með vali á grátóna litum á klæðningum og þökum bygginga. Góður frágangur, umgengi og viðhald mun draga úr neikvæðum áhrifum uppbyggingarinnar.

### **Gróður og dýr**

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg þar sem gróður er rýr á skipulagssvæðinu og áhrif á dýralíf hafa þegar átt sér stað með núverandi mannvirkjum.

### **Heilbrigði**

Áhrif á heilbrigði eru talin óveruleg þar sem ekki er talin mikil vera mikil mengum af hafnsækinni starfsemi. Hávaði gæti verið einhver en truflar ekki byggð. Ekki verða áhrif á byggð vegna umferðar á til og frá hafnarsvæðinu. Ekki eru líkur á að framkvæmdir hafi áhrif á ástand vatnshlota, við framkvæmdir skal gæta þess að ekki sé hætta á mengun. Ef farið er eftir reglum varðandi meðhöndlun efna/úrgangs er ekki talin vera hætta á mengun.

### **Samfélag**

Áhrif á samfélag eru jákvæð af uppbyggingu hafnarsvæðis með auknum atvinnutækifærum í sveitarfélaginu. Með tilkomu bættra samgangna milli Bakkafjarðar og Þórshafnar aukast samskipti þessara þéttbýlisstaða en talsvert er um fiskflutninga þar á milli.

### **Náttúru- og fornminjar**

Áhrif á náttúru- eða fornminjar eru óveruleg þar sem engar minjar eru skráðar á svæðinu.

### **Sjór og strandsvæði**

Áhrif á sjó og strandsvæði eru óveruleg. Nú þegar hefur verið uppbygging hafnarsvæðis og við hönnun mannvirkja verður gert ráð fyrir mengunarvörnum.

### **Núll kostur**

Áhrif á núllkosti eru óveruleg fyrir alla þætti.

## **5.2 Niðurstaða**

Á heildina litið er framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag og umhverfisáhrif óveruleg. Helstu neikvæðu áhrif uppbyggingar á svæðinu eru ásýnd, landslag og strandsvæði. Nú þegar hefur svæðið byggst upp sem hafnarsvæði, höfnin er vel staðsett varðandi flutningaleiðir og hefur svæðinu þegar verið raskað. Viðhalda þarf mannvirkjum á svæðinu og hafa ásýnd snyrtilega til þess að draga úr neikvæðum sýnilegum áhrifum.

Sveitarfélagið Langanesbyggð er því hlynnt uppbyggingu á hafnarsvæðinu og áframhaldandi atvinnu-starfsemi þar.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillaga verður auglýst í samræmi við gr. 5.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum um deiliskipulagstillögu frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Vegagerðin
- Hafrannsóknarstofa
- Samgöngustofa
- Viðeigandi nefndir innan stjórnsýslu Langanesbyggðar
- Aðliggjandi sveitarfélög

### 6.1 Skipulagsferlið

Deiliskipulagstillagan verður auglýst skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

